

STARFSLEYFI

UST202306-068

Þéttbært eldi eldissvína

Stjörnugrís hf.

Brautarholti 10, Kjalarnesi (162 Reykjavík)

Kt: 600667-0179

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Stjörnugrís hf., kt: 600667-0179, fyrir þéttbæru eldi eldissvína að Brautarholti 10, 162 Reykjavík. Stjörnugrís hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að reka svínabú með stæði fyrir allt að 4.000 eldissvín, þ.e. alisvín frá 30 kg lífþyngd.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tíðni vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsýjun með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áætlun skal vera til staðar til bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvað skuli gert við svín á búinu og hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi. Með áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu hráefni sem tilheyrir rekstrinum.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri búans. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðhöndlun svína og úrgangs þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri og skal endurskoðuð reglulega. Áætlunin skal samþykkt af eftirlitsaðila.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.

- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfiskilyrðin.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við lög nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögum.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsvenjum¹ og góðum búskaparháttum sem draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið, þ.m.t. varðandi starfshætti, fóðrun, lykt og alla meðferð úrgangs og förgun svo og að draga úr losun efna út í umhverfið eins og kostur er. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Beita skal bestu aðgengilegu tækni við að takmarka losun frá starfseminni með aðferðum sem samræmast BAT-niðurstöðum fyrir svín, sjá nánar í gr. 3.1.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmiðin skulu vera hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila² (sjá gr. 2.5).

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á starfsstöðinni og skulu starfsmenn fá kynningu á ákvæðum starfsleyfis.³

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði.⁴ Rekstraraðili skal sýna ýrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum og búnaði ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýtis eða hættu fyrir umhverfið.

¹ BAT 2, sbr. gr. 3.1.

² BAT 1, sbr. gr. 3.1.

³ BAT 1 liður 4. a), b), c) og d) sbr. gr. 3.1.

⁴ BAT 2, sbr. gr. 3.1

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði þannig að almenningi stafi ekki hætta af starfsemi.

2.5 Umhverfisstjórnarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi.⁵ Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða annað kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi í BAT-niðurstöðum.

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Umhverfisstjórnunarkerfið skal einnig fela í sér áætlun um hávaða- og lyktarstjórnun sé búist við óþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau verið sönnuð.⁶

Rekstraraðila er heimilt að aðlaga umhverfisstjórnunarkerfið að stærð, umfangi og flækjustigi rekstrarins og þeim umhverfisáhrifum sem hann kann að hafa.⁷ Hefja skal vinnu við uppsetningu umhverfisstjórnunarkerfis eigi síðar en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis og skal vinnu við uppsetningu lokið innan tveggja ára. Eftirlitsaðili skal upplýstur um stöðu innleiðingar umhverfisstjórnunarkerfisins í eftirlitum. Umhverfisstjórnunarkerfið skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila.

2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.7 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

⁵ BAT 1, sbr. gr. 3.1

⁶ BAT 1, töluliðir 10 (BAT 9) og 11 (BAT 12), sbr. gr. 3.1

⁷ Heimild til að aðlaga kröfur á þennan hátt kemur fram í BAT 1, sbr. gr. 3.1

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal tryggja að notuð sé besta aðgengilega tækni (BAT) við mengunarvarnir, sbr. b. lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og nýta vel orku⁸ og vatn⁹. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengilega tækni fyrir þéttbært eldi svína hefur verið skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for Intensive Rearing of Poultry or Pigs“, 2017 og BAT-niðurstöðum vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína.¹⁰

BAT-niðurstöður eru m.a. aðgengilegar á íslensku á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Númeraðar BAT kröfur og tilvísanir í töflur í megintexta og neðanmálsgreinum í þessu starfsleyfi vísa í þessar framkvæmdarákvarðanir.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við BAT-niðurstöður.

Ef rekstraraðili breytir um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöðum.

⁸ BAT 8, sbr. gr. 3.1

⁹ BAT 5, sbr. gr. 3.1

¹⁰ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína hafa verið innleiddar með reglugerð nr. 935/2018.

Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda Umhverfisstofnun, að beiðni stofnunarinnar, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvað hætti hann hyggst taka upp hina nýju tækni en rökstyðja annars að honum sé það ekki mögulegt.

HRÁEFNI, ELDSNEYTI OG FRAMLEIÐSLA

3.2 Hráefni og geymslur

Við móttöku hráefna skal gæta að því að hráefnið spillist ekki að óþörfu eða skemmist. Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Engin mengandi efni mega leka í jarðveg. Eldsneyti skal geymt þannig að öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir séu tryggðar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð.

Geyma skal dýrahæ í vel lokuðu geymslurými, t.d. lekaheldum gámum, á meðan beðið er eftir að efnið sé flutt af svæðinu. Ekki má geyma aukaafurðir dýra í langtímageymslu utan lóðar án leyfis Umhverfisstofnunar.

3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs (næringarefna) sé í lágmarki,¹¹ t.d. með fóðursamsetningu og næringaráætlun sem tekur tillit til vaxtarlíkana. Einnig skal við val á fóðri gera ráðstafanir vegna mögulegra áhrifa fóðursamsetningar á lyktarmyndun, t.a.m. prótíninnihald.

Heildarlosun köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) skal mæld og/eða metin¹² og skal losun vegna eldissvína ekki vera meiri en 13,0 kg N/stæði/ári¹³ og 5,4 kg P₂O₅/stæði/ári¹⁴ og vegna fráfærugrísá ekki vera meiri en 4,0 kg N/stæði/ári¹⁵ og 2,2 kg P₂O₅/stæði/ári.¹⁶

3.4 Varaafl

Varaafstöðvum sem brenna jarðefnaeldsneyti skal vel við haldið þannig að þær valdi ekki mengun.

3.5 Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfseminni.¹⁷ Þess skal gætt að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi.¹⁸ Hávaði við lóðamörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

¹¹ BAT 3 og BAT 4, sbr. gr. 3.1

¹² BAT 24, sbr. gr. 3.1

¹³ Tafla 1.1 í BAT 3 sbr. gr. 3.1

¹⁴ Tafla 1.2 í BAT 4 sbr. gr. 3.1

¹⁵ Tafla 1.1 í BAT 3 sbr. gr. 3.1

¹⁶ Tafla 1.2 í BAT 4 sbr. gr. 3.1

¹⁷ BAT 10, sbr. gr. 3.1

¹⁸ BAT 9, sbr. gr. 3.1

LOFT

3.6 Rykmengun

Rykmengun skal haldið í lágmarki með því að nota þá tækni sem skilgreind er í BAT-niðurstöðum.¹⁹ Varast skal að ryk safnist upp við loftúður eldishúsa.

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 817/2002 um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti við eldishús innan marka byggingarreits skv. deiliskipulagi.

Eldishús skulu útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun ryks.²⁰

3.7 Lyktarmengun

Rekstraraðili skal halda lyktarmengun frá búinu í lágmarki. Notast skal við sambland þeirrar tækni sem skilgreind er í BAT-niðurstöðum til að koma í veg fyrir eða lágmarka lyktarmengun og losun ammoníaks.²¹ Eldishús skulu útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun lyktar og ammoníaks.²² Séu ráðstafanir rekstraraðila til lágmrökunar lyktarmengunar ófullnægjandi að mati Umhverfisstofnunar getur eftirlitsaðili krafist rekstraraðila um viðbótaraðgerðir í samræmi við BAT niðurstöður. Gera skal ráðstafanir svo að lykt sem berst frá búinu valdi ekki óþægindum í næstu byggð og/eða utan jarðamarka Brautarholts 10. Rekstraraðili skal vera með áætlun um lyktarstjórnun sbr. gr. 2.5, sem eftirlitsaðili metur fullnægjandi.²³ Verði lyktaróþægindatilvik getur eftirlitsaðili farið fram á við rekstraraðila að vakta reglubundið losun lyktar í andrúmsloft.²⁴ Þá skal gæta þess að ryk og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi.

Heildarlosun ammoníaks (NH₃) í andrúmsloft skal mæld og/eða metin²⁵ og ekki vera meiri en 2,6 kg NH₃/stæði/ári fyrir eldissvín og 0,53 kg NH₃/stæði/ári fyrir fráfærugrísi.²⁶

VATN

3.8 Frárennsli

Frárennsli skal vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Frárennsli frá starfsmannaáðstöðu skal leitt í sér hreinsivirki. Meðhöndlun frárennslis frá starfseminni skal vera skv. BAT-niðurstöðum.²⁷ Niðurföll í eldisrymum skulu vera lokuð á eldistíma og eru aðeins opnuð þegar lokið er við útmokstur. Við þrif á eldishúsum, skal leiða afrennslisvatn frá þvottaaðstöðu annað hvort í safnkerfi húsdýraáburðar eða í settank og siturlögn.

Ofanvatn, sem ekki kemst í snertingu við húsdýraáburð, þarf ekki að leiða í settank. Heimilt er að leiða slíkt vatn framhjá settanki í siturlögn eða í yfirborðsvatn.

¹⁹ BAT 11, sbr. gr. 3.1

²⁰ BAT 11 c. liður og BAT 28, sbr. gr. 3.1

²¹ BAT 13, BAT 14, BAT 16, BAT 21, BAT 28 og BAT 30, sbr. gr. 3.1

²² BAT 13, BAT 28 og BAT 30, sbr. gr. 3.1

²³ BAT 12 sbr. gr. 3.1

²⁴ BAT 26, sbr. gr. 3.1

²⁵ BAT 25 og BAT 28, sbr. gr. 3.1

²⁶ Tafla 2.1 í BAT 30, sbr. gr. 3.1

²⁷ BAT 6 og BAT 7, sbr. gr. 3.1

Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi/tilskilin réttindi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyrur til endurnýtingar eða förgunar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur.

3.9 Meðhöndlun húsdýraáburðar og hauggeymslur

Öll meðhöndlun húsdýraáburðar á búinu, þar með talin geymsla, vinnsla og dreifing hans, skal vera í samræmi við reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, og skilyrðum í BAT-niðurstöðum.²⁸ Öllum húsdýraáburði skal safnað saman á þann hátt að mengun hljótist ekki af.

Dreifa skal húsdýraáburði skv. skilyrðum í BAT-niðurstöðum,²⁹ reglugerð nr. 804/1999 og taka skal einnig mið af starfsreglum um góða búskaparhætti.

Heimilt er að fela þriðja aðila dreifingu húsdýraáburðarins með samningum, enda samþykki sá aðili að fara eftir starfsreglum um góða búskaparhætti. Framsal rekstraraðila til þriðja aðila ferrar hann þó ekki ábyrgð á meðhöndlun húsdýraáburðarins, komi í ljós að viðkomandi aðili uppfylli ekki tilskyldar kröfur eða hann meðhöndli húsdýraáburðinn ekki í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti. Liggja skal fyrir samningur við þá aðila sem taka við húsdýraáburði frá búinu og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeim samningum.

Á þeim tíma árs sem ekki er hægt að nýta húsdýraáburð beint til áburðar, og honum ekki komið til þriðja aðila til dreifingar, skal hann geymdur í viðurkenndri hauggeymslu sem rúmar a.m.k. 6 mánaða birgðir af húsdýraáburði skv. reglugerð nr. 804/1999 og BAT-niðurstöðum.³⁰ Hauggeymsla skal vera þétt og hindra fok húsdýraáburðar eins og kostur er. Frárennsli frá hauggeymslu fyrir þurran húsdýraáburð skal leitt í rotþró og siturlögn eftir útfærslu rekstraraðila í samræmi við BAT-niðurstöður.³¹ Við losun húsdýraáburðar úr hauggeymslu skal þess gætt að ekki verði mengun frá henni í nærliggjandi ár, læki eða jarðveg utan skilgreinds dreifingarsvæðis húsdýraáburðar.

Losun úrgangs frá búinu í yfirborðsvatn er óheimil sbr. gr. 5.2. í reglugerð nr. 804/1999.

Húsdýraáburður sem nýttur er til dreifingar á land fellur utan gildissviðs laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. b. lið 3. mgr. 2. gr. Húsdýraáburður fellur undir gildissvið reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Ef nauðsynlegt reynist að færa húsdýraáburðinn í brennslu, til urðunar eða notkunar í lífgas- eða myltingarstöð þá skilgreinist húsdýraáburðurinn sem úrgangur og skal meðhöndlaður skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3.10 Lífríki og flokkun vatns

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fyrir þau. Reksturinn, þ.m.t. meðhöndlun húsdýraáburðar, má ekki valda því að ástandi nærliggjandi vatnshlota hraki. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflökka í vatnaáætlun.

²⁸ BAT 19, sbr. gr. 3.1

²⁹ BAT 20, BAT 21 og BAT 22, sbr. gr. 3.1

³⁰ BAT 14, BAT 15, BAT 16, BAT 17 og BAT 18, sbr. gr. 3.1

³¹ BAT 15, sbr. gr. 3.1

ÚRGANGUR OG EFNAMEÐHÖNDLUN

3.11 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er og þannig skal draga skipulega úr myndun úrgangs.

Skrá skal spilliefni sem myndast vegna starfseminnar skv. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni í samræmi við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Þá skal tryggt að starfsmenn hafi þekkingu á geymslu og meðhöndlun spilliefna og mögulegri hættu sem af þeim getur stafað. Skila skal þeim spilliefnum sem verða til við starfsemina til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil. Úrgang frá búinu, skal flytja reglulega til meðhöndlunar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna. Þessar kvittanir skulu aðgengilegar eftirlitsaðila.

3.12 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að búinu. Staðsetning og aðstaða til haugvinnslu, sbr. gr. 3.9, skal vera varin eftir fremsta megni til að hindra aðkomu fugla og meindýra með virku meindýraeftirliti. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

3.13 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6.

4 INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn á hverjum tíma og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýting og fóðurgerð,

- vatnsnotkun, raforkunotkun og olíunotkun,
- magn og gerð hreinsiefna og sótthreinsiefna sem notuð eru á búinu,
- dreifingu húsdýraáburðar, dagsetningar, staðsetningu, magn og vindátt,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.4,
- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- teikningar af frárennsli,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar,
- magn og gerð efnis sem er sent er til spilliefnamóttöku,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- niðurstöður mats og/eða mælinga, skv. gr. 4.2.

4.2 Mælingar og/eða mat

Fullnægjandi aðstaða til losunarmælinga skal vera til staðar. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd losunarmælinga. Upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Árlega skal mæla og/eða meta losun köfnunarefnis og fosfórs úr húsdýraáburði³² (sbr. gr. 3.3), rykmengun frá eldihúsum³³ og losun ammóníaks við eldihús³⁴ (sbr. gr. 3.7) skv. BAT-niðurstöðum. Rekstraraðili skal vakta fjölda svína, aðfluttra og fráfluttra, þ. á. m. dauð svín, neyslu fóðurs, magn húsdýraáburðar sem myndast við reksturinn skv. BAT-niðurstöðum³⁵ og skrá niður, sbr. gr. 4.1.

4.3 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til umhverfisupplýsinga ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

4.4 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.3. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

³² BAT 24, sbr. gr. 3.1

³³ BAT 27 eða BAT 28, sbr. gr. 3.1

³⁴ BAT 25 eða BAT 28, sbr. gr. 3.1

³⁵ BAT 29, sbr. gr. 3.1

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Umhverfisstofnun getur farið fram á við rekstraraðila að hann standi fyrir eða taki þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni búisins eða dreifingarstaða húsdýraáburðar. Slík áætlun skal vera í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar sbr. gr. 5.1. Umhverfisstofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi fellur undir b-lið 6.6. í viðauka I laga nr. 7/1998 og b-lið 6.6. í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 19. desember 2040.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um endurskoðun og breytingu á starfsleyfinu er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 19. desember 2024

Umhverfisstofnun

Inga Dóra Hrólfsdóttir
staðgengill forstjóra

Edda S. Freysteinsdóttir
sérfræðingur

VIÐAUKI

Yfirlit yfir fresti og skil:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðin skil tilgreind:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og þau endurskoðuð á a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 2.5 er kveðið á um að rekstraraðili skuli hefja uppsetningu umhverfisstjórnunarkerfis innan 6 mánaða frá útgáfu starfsleyfisins og skuli uppsetningu þess lokið innan 2 ára.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að mælingar skuli gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.3 og 3.7.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

FYLGISKJAL 1

Greinargerð vegna útgáfu breytts starfsleyfis fyrir Stjörnugrís hf., Brautarholti 10, 162 Reykjavík.

1. Almenn

Með bréfi dagsettu 30. september 2022 tilkynnti Umhverfisstofnun Stjörnugrís hf., kt. 600667-0179 að þörf væri á endurskoðun og uppfærslu á starfsleyfi Stjörnugrís hf. að Brautarholti 10. Starfsleyfið var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 8. október 2013 og gildir til 8. október 2025 en með breytingu á lögum nr. 7/1998 með lögum nr. 66/2017 var starfsleyfið og eftirlitið með starfseminni færð til Umhverfisstofnunar. Endurskoðunin fer fram á grundvelli ákvæða í starfsleyfinu og einnig skv. 15. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. mgr. 5. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ástæðan fyrir því var vegna nýrra BAT-niðurstaðna vegna þéttbærs eldis svína sem leiddi til þess að endurmeta þurfti starfsleyfisskilyrðin og uppfæra. Jafnframt var talin þörf á að endurskoða starfsleyfið með tilliti til breytinga sem hafa verið gerðar á lögum og reglugerðum er varðar atvinnureksturinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breyttu starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 og 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 8. nóvember 2024 til og með 6. desember 2024. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 8. nóvember 2024. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, Reykjavíkurborgar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ásamt því sem tilkynning var send á Libra Lögmenn sem eru lögmenn fyrir landeiganda að Brautarholti sem hefur undanfarin ár krafist úrbóta vegna mengunarmála að Brautarholti 10.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Stjörnugrís hf. að Brautarholti 10, hefur ekki undirgengist mat á umhverfisáhrifum og þar sem ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd þá er leyfisveitingin ekki háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

3. Skipulag

Þann 9. nóvember 2022 sendi Umhverfisstofnun tölvupóst til Reykjavíkurborgar og bað um álit skipulagsfulltrúa á því hvort starfsemi rekstraraðila samræmist skipulagi. Þann 8. desember 2022 barst stofnuninni umsögn deildarstjóra aðalskipulags sem *taldi að núverandi starfsemi að Brautarholti samræmist gildandi aðalskipulagi (AR2040)* og því ekki forsendur til hafna endurnýjun starfsleyfis á grundvelli þess, sbr. einnig skilgreiningar skipulagsreglugerðar og laga um umhverfismat framkvæmda. Í tölvupósti þann 29. desember 2022 óskaði stofnunin eftir afstöðu Skipulagsstofnunar á umsögninni. Þann 3. janúar 2023 sendi Skipulagsstofnun tölvupóst þar sem fram kemur að stofnunin telur sig ekki hafa forsendur til að gera athugasemdir við þá afstöðu skipulagsviðs Reykjavíkurborgar að starfsemin að Brautarholti samræmist gildandi aðalskipulagi.

4. Áhrif á vatn

Í 22. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir að um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Svínabú Stjörnugrís hf. að Brautarholti 10 er innan grunnvatnshlotsins *Kjalarnes Hvalfjörður* (104-275-G). Strandsjávarvatnshlotið *Hvalfjörður* (104-1330-C) liggur upp að landsvæði rekstraraðila. Fram kemur í gögnum frá rekstraraðila að núverandi frárennsli frá starfsemi svínabúsins sé í strandsjávarvatnshlotið *Þorlákshöfn að Svörtuloftum* (104-1393-C) þar sem m.a. blauthluta svínamykjunnar er veitt í. Endurskoðað starfsleyfi gerir ekki ráð fyrir framhaldi á því fyrirkomulagi. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins eru þau að hafa góða magnstöðu og vera í góðu efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið strandsjávarvatnshlotsins *Þorlákshöfn að Svörtuloftum* eru að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið strandsjávarvatnshlotsins *Hvalfjörður* eru þau að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið vatnshlotanna eru lagalega bindandi og ástandi þeirra má ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Í gr. 3.10 í starfsleyfinu kemur fram að reksturinn megi ekki valda því að ástandi nærliggjandi vatnshlota hraki.

Ekki var óskað eftir því að rekstraraðili myndi meta áhrif starfseminnar á vatnshlot þar sem starfsleyfið gerir ekki ráð fyrir losun í vatn.

5. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Athugasemdir bárust frá tveimur aðilum á auglýsingatíma tillögunnar, annars vegar frá Bjarna Pálssyni, Brautarholti 1, Kjalarnesi og hins vegar frá rekstraraðila.

Hér eftir fylgja **athugasemdir Bjarna Pálssonar** og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum sem snúa að auglýstri tillögu að breyttu starfsleyfi.

1. Gerðar eru athugasemdir við gr. 1.2 sem á við um umfang starfseminnar en þar er gert ráð fyrir að starfsleyfið heimili að rekið verði svínabú í Brautarholti 10 með allt að 4.000 eldissvínunum og krafist þess að starfsleyfi svínabúsins verði takmarkað við 1.222 sláturgrísi í samræmi við mat dómkvaddra matsmanna eða starfsleyfið sé afturkallað að öllu leyti þar sem forsendur og skilyrði fyrir fjarlægðartakmörkunum sem komu fram í úrskurði Hollustuverndar frá 1998 hafa aldrei verið uppfyllt, sbr. niðurstöður matsgerðarinnar.
 - Umhverfisstofnun bendir á að 4. gr. og viðauki við reglugerð nr. 520/2015 eiga ekki við þar sem á Brautarholti eru þegar staðsett eldishús. Breytingarnar á starfsleyfinu falla ekki undir framangreint reglugerðarákvæði þar sem breytingarnar valda ekki óþægindum umfram það sem fyrir er. Þessi túlkun var staðfest í úrskurði umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 163/2016. Telur Umhverfisstofnun ekki skilyrði fyrir hendi til að afturkalla starfsleyfið en slíkt hefur verið rakið í bréfum stofnunarinnar. Í endurskoðuðu starfsleyfi eru gerðar strangari kröfur um mengunarvarnabúnað, vöktun og mælingar en er mælt fyrir um í nógildandi leyfi. Stofnunin telur sig ekki hafa heimild til að afturkalla ákvörðun heilbrigðisnefndar um undanþágu frá 500 metra fjarlægðarmörkum.

2. Í úrskurði Hollustuverndar frá 3. mars 1998 kom fram að strangari reglur um mótvægisáðgerðir en almennt gilda um svínabú á svæðinu yrði að setja í starfsleyfi svínabúsins þegar það yrði gefið út og var þetta nátengt því að gefin var undanþága frá fjarlægðartakmörkunum. Ekkert kemur fram í starfsleyfisdrögum að í þeim séu strangari kröfur en almennt gilda og gerir umbj. minn alvarlegar athugasemdir við þetta og telur þetta ekki standast miðað við þær forsendur sem voru fyrir undanþágunni.
 - Í endurskoðuðu starfsleyfi fyrir svínabúið að Brautarholti 10 er gerð krafa um lofthreinsunarkerfi til þess að lágmarka losun ryks, ammoníaks og lyktar. Það eru strangari kröfur um mengunarvarnir heldur en hafa verið gerðar til annarra svínabúa hér á landi og eru kröfurnar um lofthreinsikerfi settar vegna nálægðar við viðkvæma viðtaka, þ.e. íbúðarhús og tómsundasvæði. Í endurskoðuðu starfsleyfi eru viðmiðunarmörk fyrir losun sem eiga að tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin. Rekstraraðila er skylt að grípa til aðgerða til úrbóta ef þörf er á til að uppfylla starfsleyfiskilyrðin.
3. Bent er á að forsendur fyrir undanþágunni um fjarlægðarmörk á sínum tíma, þ.e. árið 1998, hafi verið þær að setja átti svo mikinn mengunarvarnarbúnað inn í búið áður en það hóf starfsemi að nágrannar yrðu ekki fyrir ónæði. Það hafi ekki verið gert og nágrannar svínabúsins hafi orðið fyrir stöðugu ónæði vegna mengunar æ síðan. Bent er á að það sé lítið gagn að gefa undanþágur með skilyrðum ef þeim er ekki fylgt eftir af hálfu eftirlitsaðila og talið að engin trygging sé fyrir því að starfsleyfishafi setji upp slíkan búnað þrátt fyrir kröfur um það í starfsleyfinu.
 - Starfsleyfishafa er skylt skv. 40 gr. laga nr. 7/1998 að tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við starfsleyfiskilyrði. Eftirlitsaðilar munu fylgja því eftir að starfsleyfiskilyrði séu uppfyllt.
4. Gerðar eru athugasemdir við það að UST hafi ekki látið gera samræmdar mengunarmælingar á svæðinu sem mæli þá heildarmengun sem stafar frá alifuglabúinu að Brautarholti 5 og svínabúinu að Brautarholti 10 og byggir á því að UST beri skylda til þess skv. 51. gr. laga nr. 7 frá 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum um mengun og fjarlægðir sem hafa stoð í þeim lögum. Byggt er á því að slíkar mælingar muni sýna að heildarmengun á svæðinu er orðin of mikil og því beri að takmarka starfsleyfi svínabúsins við 1.222 dýr eða minna eftir aðstæðum.
 - Umhverfisstofnun er ekki útgefandi starfsleyfis fyrir alifuglabúið að Brautarholti 5 heldur er það heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, sbr. 17. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998, stofnunin telur sig því ekki hafa nægilegar forsendur til að gera kröfur um samræmdar mengunarmælingar.
5. Í núverandi starfsleyfi kemur fram í gr. 7.2 að rekstraraðili skuli reikna út dreifingu og styrk lyktar frá öllum svínahúsum miðað við staðaltölur í töflu. Talið er að starfsleyfishafi hafi aldrei verið látinn uppfylla þetta skilyrði og vísar í því sambandi til umfjöllunar um þetta atriði á bls. 5 - 6 í bréfi sínu til UST frá 24. apríl 2020. Ekkert sambærilegt ákvæði er að finna um þetta í drögum að nýju starfsleyfi og eru gerðar athugasemdir við að starfsleyfishafa verði ekki lengur gert að sinna þessari skyldu sinni.

- Í endurskoðuð starfsleyfi er gerð krafa um að rekstraraðili skuli hafa áætlun um lyktarstjórnun til að draga úr losun lyktar frá búinu auk þess sem rekstraraðili á að notast við bestu aðgengilegu tækni við að lágmarka losun lyktar frá búinu, þ.á.m að „eldishús skulu útbúin lofthreinsunarkerfi.“ Umhverfisstofnun telur það fullnægjandi kröfur til að lágmarka lyktarmengun frá búinu. Í endurskoðuðu starfsleyfi er eftirfarandi krafa: „Séu ráðstafanir rekstraraðila til lágmarkunar lyktarmengunar ófullnægjandi að mati Umhverfisstofnunar getur eftirlitsaðili krafist rekstraraðila um viðbótaraðgerðir í samræmi við BAT niðurstöður“ Þessari kröfu verður fylgt eftir af eftirlitinu. Einnig er inni ákvæði sem segir: „Verði lyktaróþægindatilvik getur eftirlitsaðili farið fram á við rekstraraðila að vakta reglubundið losun lyktar í andrúmsloft.“ Eftirlitsaðili getur því farið fram á að rekstraraðili vakti losun lyktar í andrúmsloft.
6. Byggt er á því að það eigi ekki að gefa út nýtt starfsleyfi heldur eigi að fella núverandi starfsleyfi úr gildi þar sem starfsemi svínahússins í Brautarholti 10 sé aðeins í 100 m fjarlægð frá alifuglahúsinu í Brautarholti 5 en lágmarksfjarlægð skv. 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015 er 300 m frá alifuglabúi yfir í næsta matvælafyrirtæki og ekki minni en 500 m frá svínabúi yfir í næsta matvælafyrirtæki. Í dómkvadda matinu er tekið undir þetta og bent á að engin undanþáguheimild er frá þessari skýru fjarlægðarreglu í reglugerðinni.
- Vísað er til svars við athugasemd 1.
7. Gerðar eru athugasemdir við það að ekkert tillit er tekið til þess í drögum að nýju starfsleyfi að í 100 metra fjarlægð frá svínahúsinu sé stórt alifuglabúi í Brautarholti 5 sem mengar sem nemur 42.800 lyktareiningum skv. dómkvöddu mati og því er ljóst að mengun á svæðinu er komin langt upp fyrir þau mörk sem nágrönnum svínabúsins verði gert að þola. Dómkvaddir matsmenn hafa staðfest að mengun á svæðinu er langt umfram mörk skv. reglugerð nr. 520/2015 en ekkert mið hefur verið tekið af því í drögum að hinu nýja starfsleyfi og þar að auki hefur UST ekki framkvæmt neinar mengunarmælingar á svæðinu til að byggja undir niðurstöður sínar um það hver sé hámarksfjöldi dýra í svínahúsinu að Brautarholti 10.
- Vísað er til svara að ofan.
8. Í drögunum kemur fram í kafla 3.7 að setja skuli upp lofthreinsunarkerfi og einnig er þar komið inn á ýmis atriði sem eiga að minnka mengun frá svínabúinu. Algjörlega hefur farist fyrir að tímasetja hvenær þessi búnaður þarf að vera kominn upp og er gerð athugasemd við það og talið rétt að gerðar verði kröfur um að slíkur búnaður verði settur upp strax. Einnig er talið að skilgreina þurfi betur hvaða kröfur eru gerðar til þessa lofthreinsibúnaðar og hversu öflugur hann þarf að vera.³⁶
- Endurskoðað starfsleyfi öðlast þegar gildi. Rekstraraðila er skylt að tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við starfsleyfisskilyrði. Eftirlitsaðilar munu fylgja starfsleyfisskilyrðunum eftir.

³⁶ Bent er á að önnur leið sé einnig fær en hún er sú að fækka dýrum verulega strax og síðan þegar mengunarvarnarbúnaður er kominn upp megi skoða hvort sá búnaður sé nægilega öflugur til að fjölga dýrum.
Síða 17 af 24

9. Í gr. 3.7 í starfsleyfistillögunni kemur fram að eldishús skuli vera útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við bestu fáanlegu tækni til að lágmarka losun lyktar. Gerð er athugasemd við að ekki sé jafnframt gerð krafa um lofthreinsibúnað til að lágmarka losun ammoníaks.

- Í gr. 3.7 þar sem sett er fram eftirfarandi krafa: „*Eldishús skulu útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun lyktar.*“ Þar er vitnað í BAT 13, 28 og 30. BAT30 gengur út á að lágmarka losun ammoníaks og BAT28 gengur út á að vakta losun ammoníaks, ryks og/eða lyktar. Þar er krafa um að daglegt eftirlit með því að lofthreinsunarkerfið starfi á skilvirkan hátt, t.d. með notkun á sískráníngu á starfrækslubreytum eða notkun á viðvörunarkerfum. Lofthreinsikerfið á að tryggja betri loftgæði í nálægð við svínabúið og minnka loftmengun af völdum þess.

10. Í gr. 3.7 í starfsleyfistillögunni er fjallað um lyktarmengun. Þar kemur fram að heildarlosun ammoníaks (NH₃) í andrúmslofti skuli mæld og/eða metin og ekki vera meira en 2,6 kg NH₃ stæði/ári fyrir eldissvín. Gerðar eru athugasemdir við að það sé valið hæsta gildið í töflu 2.1 í þessu sambandi og að eðlilegra hefði verið að miða við lægsta gildið í töflunni í ljósi undanþágunnar frá fjarlægðartakmörkunum. Óskað er eftir frekari skýringum á því af hverju hæsta gildið er valið. Þá er óskað eftir því að stofnunin veiti upplýsingar um hvort tekið hafi verið tillit til ammóníakmengunar frá alifuglabúinu þegar ákveðið var að miða við hæsta gildið. Talið er að gildið eigi að vera mun lægra þegar haft er í huga að 100 metrum frá svínabúinu er alifuglabú sem mikil ammóníakmengun berst frá.

- Umhverfisstofnun er ekki útgefandi starfsleyfis fyrir alifuglabúið að Brautarholti 5 heldur er það heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, sbr. 17. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998, stofnunin telur sig því ekki hafa nægilegar forsendur til að meta mengunina frá þeirri starfsemi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með alifuglabúinu.

Talið er að gildið eigi að vera mun lægra þegar haft er í huga að búið er á undanþágu og skilyrði fyrir þetta svínabú eiga að vera strangari en í öðrum svínabúum á Kjalarnesi vegna þess að búið er í miklu návígi við fasteignir í eigu annarra aðila.

- Skv. BAT greiningu rekstraraðila er á svínabúinu notast við djúpa gryfju í samsetningu með næringarstjórnunartækni sem er í samræmi við BAT30 tl. a0. Skv. losunarmörkum fyrir ammoníak sem gefin eru upp í BAT30 fyrir tl. a0. ættu mörkin að vera 3,6 kg NH₃/stæði/ári. Í endurskoðuðu starfsleyfi er gert ráð fyrir að sett verði upp lofthreinsunarkerfi og því er það mat stofnunarinnar að eðlilegt sé að mörkin séu 2,6 kg NH₃/stæði/ári og að með þeim mörkum sé verið að setja strangari kröfur á svínabúið að Brautarholti 10 varðandi losun ammoníaks heldur en fyrir sambærileg svínabú skv. BAT niðurstöðum.

Talið er að það vanti ákvæði inn í starfsleyfið þar sem tekið er á því hvað gerist ef ammóníakmengun fer umfram hámarkið.

- Hluti af eftirliti með starfseminni felst í því að yfirfara gögn varðandi losun frá rekstrinum. Rekstaraðili á að skila inn upplýsingum varðandi losun árlega. Ef losun frá rekstrinum reynist yfir mörkum þarf að fara í viðeigandi úrbótaáðgerðir. Þá má einnig benda á að ef mengun er meiri

en búist var við, við gerð starfsleyfisins getur Umhverfisstofnun endurskoðað starfsleyfið, sjá gr. 1.6.

11. Í gr. 3.7 kemur fram að gera skuli ráðstafanir svo lykt sem berst frá búinu valdi ekki óþægindum í næstu byggð og/eða utan jarðarmarka Brautarholts. Hér hlýtur að eiga að standa Brautarholts 10 því varla getur þetta átt við allar fasteignir sem tilheyra mismunandi jarðarhlutum hinna ýmsum eignarhluta og jarða í Brautarholti.
 - Umhverfisstofnun fellst á þessa breytingu.
12. Varðandi dreifingu svínaskíts þá voru í eldra starfsleyfi ákveðin takmörk um fjarlægðir yfir í eignir í eigu annarra aðila (400 metrar) en núna er vitnað í BAT reglur. Talið er að herða ætti þau mörk sem eru í núgildandi starfsleyfi og setja inn reglur um að ekki megi dreifa ef vindáttir eru óhagstæðar með tilliti til fasteigna nágretta.
 - Í endurskoðuðu starfsleyfi kemur fram að: „dreifa skal húsdýraáburði skv. skilyrðum í BAT-niðurstöðum, reglugerð nr. 804/1999 og taka skal einnig mið af starfsreglum um góða búskaparhætti.“ Einnig er gerð krafa um að rekstraraðili skuli vera með áætlun um lyktarstjórnun í samræmi við BAT12, til að koma í veg fyrir lykt. Áætlunin felst t.d. í því að koma í framkvæmd ráðstöfunum til eyðingar og/eða minnkunar lyktar. Í reglum um góða búskaparhætti er m.a. kveðið á um að: „virða ber eðlilegan rétt íbúa til hreins og ómengaðs umhverfis með því að hafa hæfilega fjarlægð í íbúðarhúsi og orlofshúsi og grípa til aðgerða til að draga sem mest úr lykt þar sem það á við.“ Í BAT20 kemur m.a. fram í b-lið krafa um „að fullnægjandi fjarlægð sé haldið milli svæða þar sem húsdýraáburður er borinn á (ómeðhöndluð landspilda skilin eftir) og aðliggjandi landareigna.“ Í BAT 21 og BAT 22 er fjallað um leiðir sem nota á við dreifingu á húsdýraáburði sem m.a. miða af því að lágmarka losun ammoníaks og einnig lyktar (sbr. BAT 13 t.l. g). Umhverfisstofnun telur þetta fullnægjandi ákvæði til að lágmarka losun lyktar við dreifingu á húsdýraáburði.
13. Byggt er á því að ef heimilað verði að hafa áfram 4.000 dýr í svínahúsunum verði mengun á svæðinu enn þá allt of mikil og meiri en nágrönnum svínabúsins verði gert að þola og að það sé brot á 1. gr. laga nr. 7 frá 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en í þeirri grein kemur fram að markmið laganna sé að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.
 - Umhverfisstofnun telur starfsleyfið samræmast lögum nr. 7/1998 enda gerir endurskoðað starfsleyfi kröfur sem hafa t.a.m. það markmið að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg.

Hér eftir fylgja **athugasemdir Stjórnugríss hf.** og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum sem snúa að auglýstri tillögu að breyttu starfsleyfi.

14. Rekstraraðili gerir athugasemd við grein 1.6 um endurskoðun starfsleyfis. Stjórnugrís telur óþarft að mælt sé fyrir um endurskoðun starfsleyfisins komi til breytinga á gildandi lögum og reglum. Rekstraraðili gerir einnig athugasemd við tekið sé fram að heimilt sé eða skylt að endurskoða starfsleyfið ef vöktun á vatnshlotum leiði í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 náist ekki. Stjórnugrís bendir á að ekki sé vísað til neinna vatnshlota í starfsleyfistillögunni og þykir rekstraraðila rétt í því

samhengi að taka af öll tvímæli og vísa á strandsjávarvatnshlotið *Þorlákshöfn að Svörtuloftum* (104-1392-C) sem núverandi frárennsli er beint í.

- Umhverfisstofnun hyggst ekki gera breytingar á þessari grein starfsleyfistillögunnar. Grein 1.6 er almenn grein sem kemur fram í öllum starfsleyfum og stefnt er að því að hafa hana samræmda á milli starfsleyfa. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna s.s. vegna breytinga á reglum um mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998. Starfsleyfistillagan gerir ekki ráð fyrir losun í vatn og stofnunin telur því ekki þörf á að tiltaka ákveðið vatnshlot. Nánari umfjöllun um áhrif á vatn er að finna í 4. kafla greinargerðarinnar.

15. Rekstraraðili leggur til að síðasta setning gr. 1.8 falli niður þar sem að birting upplýsinga um umhverfismál eigi að vera í samræmi við lög og reglugerðir og óþarfi sé að vísa í stefnu stofnunarinnar.

- Umhverfisstofnun fellst á þessa breytingu.

16. Rekstraraðili leggur til að gera undirstrikaðar viðbætur á fyrstu setningunni í gr. 2.4 þar sem ekki er hægt að ætlast til þess að starfsmenn bregðist við mengunaróhöppum á starfssvæðum sem eru utan þeirra eigin. „*Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum á sínu starfssvæði og fengið viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað til að bregðast við þeim.*“

- Umhverfisstofnun túlkar gr. 2.4 á þann hátt að ætlast sé til að starfsmenn séu þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum vegna þeirra starfa sem þeir sinna og innan þeirra marka að það stefni ekki þeirra eigin heilsu í hættu. Umhverfisstofnun telur því ekki þörf á að breyta þessari grein vegna þessa.

17. Rekstraraðili gerir athugasemd við grein 3.9 um meðhöndlun húsdýraáburðar og hauggeymslur. Eftirfarandi atriði koma m.a. fram í athugasemdum frá rekstraraðila. Tillagan að endurskoðuðu starfsleyfi gerir ráð fyrir að banna losun blauthluta svínamykju í sjó frá búinu. Rekstraraðili bendir á að núverandi frárennsli frá starfseminni sé við Músanes í strandsjávarvatnshlotið *Þorlákshöfn að Svörtuloftum* (104-1393-C), sem geti ekki talist viðkvæmur viðtaki í skilningi 7. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Í athugasemdunum er komið inn á þrjár ástæður fyrir því að úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 1/2024 frá 16. apríl 2024 hafi ekki þýðingu við endurskoðun á starfsleyfi fyrir svínabú Stjörnugrís í Brautarholti. Rekstraraðili bendir á að bann við losun blauthluta svínamykjunnar í sjó muni hafa í för með sér að flytja þurfi mikið magn af ómeðhöndlaðri svínamykju, skólpi og öðrum úrgangi sem rekja megi til starfseminnar langa leið, landleiðina og koma honum fyrir annarsstaðar með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Auk þess er nefnt að í stjórnarsýslurétti hafi verið talið óumdeilt að heimildir stjórnvalds til þess að gera breytingar á þekktri stjórnarsýsluframkvæmd séu takmarkaðar. Þær takmarkanir helgist m.a. af meðalhöfsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga nr.

37/1993 og réttmætum væntingum þeirra er stjórnsýsluframkvæmdin tekur til. Ekki verði séð hvaða breyting í lagaumhverfi kalli nú á að banna þurfi með öllu fráveitustarfsemi búsinis í sjó. Bent er á það að notaður hafi verið besti aðgengilegi hreinsibúnaður vegna fráveitunnar hverju sinni og að markmið BAT-niðurstaðna séu þau að rekstraraðilar beiti Bestu Aðgengilegu Tækni, að því tilskyldu að sú tækni sé „aðgengileg“ og „að rekstraraðili eigi tök á því að nýta sér hana með góðu móti“, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 935/2018. Auk þess er komið inn á að sum sveitarfélög dæla óflokkuðu og ómeðhöndluðu skólpi beint í sjóinn og að UST hafi ekki sett fiskeldisfyrirtækjum sem losa úrgang sem er efnafræðilega sambærilegur jafn ströng skilyrði. Rekstraraðili nefnir að í fyrri rökstuðning frá UST sé vísað í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp en að hún eigi ekki við þar sem svínabú falli ekki undir III. viðauka reglugerðarinnar og verði því ekki skilið öðruvísi en svo að reglugerðin eigi ekki við um svínabú. Einnig er komið inn á að landeldisstöðvar fyrir fisk séu ekki heldur tilgreindar í III. viðauka reglugerðarinnar. Rekstraraðili bendir á að það samræmist ekki jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að gera miklu strangari kröfur til rekstraraðila í svínarækt en annarra, þ.e. sveitarfélaga og landeldisfyrirtækja.

Rekstraraðili lítur svo á að svínabú Stjörnugrís í Brautarholti losi skólp frá starfsemi sinni um fráveitu búsinis en ekki blauthluta svínamykju. Rekstraraðili lítur svo á að slík losun sé heimil skv. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 804/1999, svo lengi sem öðrum laga- og reglugerðarskilyrðum sé fullnægt. Í 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar segir að „um losun efna og skólps frá landbúnaði í fráveitur og viðtaka fari samkvæmt reglugerð um mengun vatns“. Enn fremur að reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, skilgreini skólp sem „húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns“ og húsaskólp „er skólp frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannslíkamans og heimilisstarfa.“ Iðnaðarskólp „er skólp annað en húsaskólp og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar.“ Nefnir rekstraraðili einnig að í 7. gr. reglugerðar nr. 798/1999 sé fjallað um hreinsun á skólpi áður en því er veitt í viðtaka. Fram kemur í athugasemdum rekstraraðila að af ákvæðinu leiði að losun í sjó sé heimil en að reglugerðin áskilur að skólpið sé hreinsað með tveggja þrepa hreinsun. Kröfurnar eru strangari skv. ákvæðinu ef viðtakinn er viðkvæmur en sé viðtakinn skilgreindur síður viðkvæmur skuli hreinsa skólp með a.m.k. eins þreps hreinsun. Rekstraraðili nefnir í því samhengi að í ljósi þess hve víðfemur viðtakinn strandsjávarvatnshlotið Þorlákshöfn að Svörtuloftum (104-1393-C) er og þynningarsvæði hans stórt þá teljist hann ekki viðkvæmur heldur síður viðkvæmur viðtaki skv. reglugerð nr. 798/1999. Stjörnugrís lýsir sig reiðubúið til að fjárfesta í hreinsibúnaði sem felst í því að bæta við sjálfhreinsandi skilvindu og síum við þann búnað sem fyrir er á búinu með það að markmiði að ná enn meira af næringarefnum úr blauthlutanum. Rekstraraðili nefnir að auk þess sé möguleiki á því að bæta við polymerum til að auka niðurfellingu á blauthlutanum sé þess þörf.

Rekstraraðili fer því fram á að Umhverfisstofnun endurskoði ákvæði 3. kafla í starfsleyfistillögunni með það að markmiði að heimila rekstraraðila áframhaldandi losun skólps [fljótandi húsdýraáburðar] í sjó.

- Umhverfisstofnun fellst ekki á kröfu Stjörnugrís um að endurskoða ákvæði 3. kafla starfsleyfistillögunnar til að heimila Stjörnugrís að losa blauthluta út í sjó. Ekki er heimild til að setja blauthlutann út í sjó heldur þarf hann að fara í einhvers konar áframhaldandi nýtingu, sbr. 5. gr.

reglugerðar nr. 804/1999 og úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 1/2024.

Í athugasemdum rekstraraðila varðandi úrskurð nr. 1/2024 segir: „Óumdeilt er að úrskurðarnefndir á sviði stjórnásluréttarins hafi einungis heimildir til að fjalla um þau sakar- og kærufni sem undir þær eru borin, rétt eins og dómstólar, en ekki önnur.“ Umhverfisstofnun bendir á að þetta sé beinlínis rangt. Við meðferð stjórnáslumáls á kærustigi er meginreglan að hið æðra setta stjórnvald hefur heimild til að endurskoða alla þætti hinnar kærðu ákvörðunar til fulls. Úrskurðarnefndir geta tekið afstöðu til atriða sem ekki var kvartað yfir í stjórnáslukæru. Ekki gildir hið sama og í réttarfarinu þar sem byggt er á málsforræðisreglunni (bls. 31. Stjórnáslukæra, Hafsteinn Þór Hauksson).

Í athugasemdum er því haldið fram að úrskurður í máli nr. 1/2024 hafi ekki þýðingu hvað varðar losun blauthluta. Þessu er Umhverfisstofnun ósammála. Umhverfisstofnun telur fyrrnefndan úrskurð staðfesta afstöðu stofnunarinnar til þess að dæling blauthluta í sjó sé bönnuð samkvæmt reglugerð nr. 804/1999. Í úrskurðinum segir: „Engin heimild er í reglugerð nr. 804/1999 til þess að veita slíka undanþágu frá banni reglugerðarinnar við losun mykju í yfirborðsvatn. Getur engu þar um breytt að undanþágan er tímabundin og háð nánari skilyrðum. Fer því greint ákvæði til bráðabirgða í bága við bannið.“ Með þessu segir úrskurðarnefndin að heilbrigðisnefndinni var ekki heimilt að veita undanþágu frá banni reglugerðar nr. 804/1999 enda slíkt ekki heimilt.

Í athugasemdum er rakið að bann við fráveitustarfsemi svínabúsins muni hafa mikinn kostnað í för með sér. Stofnunin bendir á að tvö ár eru síðan Umhverfisstofnun ákvað að þörf væri á endurskoðun starfsleyfisins og þrjú ár síðan á það var bent í eftirliti. Umhverfisstofnun fellst ekki á sjónarmið Stjórnugríss um að losun á blauthluta svínamykju í sjó sé leyfileg og telur sig hafa ítrekað svarað að stofnunin hafi ekki heimild til að leyfa losun blauthluta í sjó og að slíkt sé bannað. Auk þess hefur stofnunin bent á að losun blauthluta í sjó samræmist ekki BAT-niðurstöðum um þéttbært eldi svína sem hafa verið innleiddar með reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun.

Í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er fjallað um iðnaðarskólp en þar segir að iðnaðarstarfsemi samkvæmt III. viðauka sem losar skólp sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur lífræn efni sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu er háð ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi. Hreinsibúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins. Svínabú fellur ekki undir III. viðauka reglugerðarinnar. Samkvæmt 3. mgr. segir að öðrum atvinnurekstri en greinir í 1. mgr. beri að fara eftir sérstökum reglugerðum sem gilda um losun tiltekinna efna í vatn. Umhverfisstofnun bendir á að reglugerð nr. 804/1999 mælir fyrir um bann við losun úrgangs frá búfjárframleiðslu í yfirborðsvatn. Búfjárskarn er úrgangur, s.s.

skítur, hland og mykja, frá búfjárhaldi. Blauthluti er úrgangur sem er bannað að losa í yfirborðsvatn. Umhverfisstofnun fellst ekki á sjónarmið Stjórnugríss um að losun blauthluta í sjó geti talist losun skólps í sjó. Bendir stofnunin auk þess á að almennt eru allir viðtakar skilgreindir sem venjulegir og krafa um tveggja þrepa hreinsun. Sveitastjórnir geta sótt um að fá viðtaka skólps skilgreindan sem síður viðkvæman en til þess þarf að skila inn gögnum til Umhverfisstofnunar sbr. gr. 20.3 í reglugerð nr. 798/1999 sem staðfesta góða hæfni viðtakans til að taka við og eyða skólpi. Eigandi fráveitu skal í samráði við heilbrigðisnefnd rannsaka ítarlega áhrif skólps á umhverfið sbr. gr. 20.4. Eftir að viðtaki hefur verið skilgreindur síður viðkvæmur gilda vægari hreinsunarkröfur gegn því að viðtakinn sé vaktaður fyrir mögulegum neikvæðum áhrifum. Stofnunin er hins vegar tilbúin að skoða nánar lausnir varðandi hreinsun á blauthluta í samráði við Stjórnugrís líkt og rakið er í athugasemdum rekstraraðila og hvort það samrýmist lögum. Slík breyting gæti verið háð mati á umhverfisáhrifum og þarf rekstraraðili að sækja um breytingu á starfsleyfinu vegna þessa. Þá bendir stofnunin á að hún hefur heimild til að setja starfsleyfisskilyrði á grundvelli bestu aðgengilegu tækni sem er ekki lýst í BAT-niðurstöðum að uppfylltum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að áréttu að í BAT19 segir að í því skyni að draga úr losun köfnunarefnis, fosfórs, lyktar og sjúkdómsvaldandi örvera í andrúmsloft og vatn og auðvelda geymslu húsdýraáburðar og/eða dreifingu hans á land, ef vinnsla húsdýraáburðar fer fram á búi, er besta, fánlega tækni að vinna húsdýraáburðinn með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim. Í BAT 19 a) lið er komið inn á að nothæfi tækninnar, *skilja með snigilpressu*, sem notast er við á Brautarholti eigi einungis við þegar draga þarf úr köfnunarefnis- og fosfórinnihaldi vegna þess að tiltækt land til að dreifa húsdýraáburði á sé takmarkað. Í athugasemdum Stjórnugríss er komið inn á að í Brautarholti skorti landrými og í samræmi við BAT19 a) sé notast við snigilpressu til að draga úr köfnunarefnis- og fosfórinnihaldi sem Umhverfisstofnun telur jákvætt. Bendir stofnunin á að í samræmi við BAT 20, 21 og 22 er engu að síður besta aðgengilega tækni að dreifa fljótandi húsdýraáburði á land og notast við sambland af þeirri tækni sem þar kemur fram. Þannig að tilgangur snigilpressunnar er að aðskilja blauthluta og þurrhluta til að draga úr köfnunarefnis- og fosfórinnihaldi áður en fljótandi húsdýraáburðinum er dreift á land. Það samræmist ekki BAT niðurstöðum fyrir þéttbært eldi svína að dæla fljótandi húsdýraáburði í sjó.

18. Rekstraraðili leggur til að gildistími starfsleyfisins verði til 1. janúar 2045.

- Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, en hjá Umhverfisstofnun hefur skapast sú stjórnsluvenja að gildistími starfsleyfis sé að jafnaði 16 ár í samræmi við 15. gr. laga nr.

7/1998 sem kveður á um að útgefandi starfsleyfis skuli endurskoða starfsleyfi reglulega a.m.k. á 16 ára fresti. Umhverfisstofnun telur heppilegt að gildistími starfsleyfa haldist í hendur við þennan endurskoðunartíma.

6. Breytingar frá auglýstri tillögu

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á starfsleyfinu frá auglýstri tillögu:

- Eftirfarandi setning var tekin út úr gr. 1.8 í samræmi við athugasemd nr. 15 (frá rekstraraðila): „Að öðru leiti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.“
- Í gr. 3.3 var bætt við „og vegna fráfærugrísu ekki vera meiri en 4,0 kg N/stæði/ári og 2,2 kg P₂O₅/stæði/ári.“
- Eftirfarandi setningu í gr. 3.7 í starfsleyfinu: Eldishús skulu útbúin lofthreinsunarkerfi í samræmi við bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka losun lyktar var breytt vegna athugasemdar nr. 9 hér að ofan. Bætt var við „og ammoníaks“ í lokinn á setningunni.
- Í gr. 3.7 kemur fram að gera skal ráðstafanir svo að lykt sem berst frá búinu valdi ekki óþægindum í næstu byggð og/eða utan jarðamarka Brautarholts. Í enda setningarinnar var bætt við „10“ í samræmi við athugasemd nr. 11. Þannig að nú stendur „utan jarðamarka Brautarholts 10.“
- Í gr. 3.7 var eftirfarandi setning tekin út: „Við byggingu nýrra húsa skal rekstraraðili fara eftir fjarlægðum eldishúsa við mannabústaði, útivistarsvæði og vinnustaði skv. 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.“
- Í gr. 3.7 var bætt við „sem eftirlitsaðili metur fullnægjandi“ í lok setningarinnar: Rekstraraðili skal vera með áætlun um lyktarstjórnun sbr. gr. 2.5.
- Í gr. 3.7 var eftirfarandi setningu breytt: „Sé búist við lyktaróþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau hafa verið sönnuð skal rekstraraðili vakta reglubundið losun lyktar í andrúmsloft.“ Nú stendur: „Eftirlitsaðili getur farið fram á við rekstraraðila að vakta reglubundið losun lyktar í andrúmsloft.“
- Í grein 3.7 var bætt við „og 0,53 kg NH₃/stæði/ári fyrir fráfærugrísu.“
- Í gr. 3.10 var tekið burt orðið „sínur“ í fyrstu setningu efnisgreinarinnar.

Þá voru gerðar lagfæringar á stafsetningu og aðrar breytingar á orðalagi.

7. Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi fyrir Stjörnugrís hf., Brautarholti 10, 162 Reykjavík. Umhverfisstofnun sendir starfsleyfið til rekstraraðila eftir ákvörðun um útgáfu og undirskrift.